



# Leikur sem náms- og þroskaleið – LEN2A05

Námsáætlun, haustönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Karen Ösp Birgisdóttir

**Netfang/netföng:**

karen.birgisdottir@borgo.is

**Lýsing:**

Í áfanganum er lögð áhersla á mikilvægi leiksins sem náms- og þroskaleið í uppeldi hvers barns. Skoðaðar eru helstu kenningar um leik barna og mismunandi áherslur kennsmiða. Áhersla er lögð á leikþroska eftir aldurstigi og hvernig börn leika sér. Unnið verður með mismunandi flokkun leikja, fjallað um hlutverkaleiki og mismunandi menning kynjanna er skoðuð með tilliti til leiksins. Jafnframt um mikilvægi leiksins fyrir félagsleg samskipti barna og málörvun. Einnig að nemendur öðlist þekkingu á hvernig hægt er að nýta sér leikinn sem leið í kennslu barna. Nauðsyn þess að starfsmenn skóla virði leikþörf barnsins og tryggi heppileg leikskilyrði. Í kennslunni verður gert ráð fyrir virkri þátttöku nemenda m.a. með umræðum, verkefnum og vettvangsheimsóknum.

**Þekking, leikni, hæfni:****Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- helstu aðalatriðum í kenningum um leik barna.
- helstu einkennum leiks eftir aldri og þroska barna.
- hvað og hvernig börn læra í leik.
- mismunandi leikmenningu kynjanna.
- helstu flokkum leiks.
- sjálfsprottnum og skipulögðum leik.
- hlutverki fullorðinna í leik barna.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skoða og greina leik út frá leikkeningum.
- tala um og skrifa niður hvaða leikir henta hvaða aldri.
- nota leikinn sem kennslutæki.
- stýra barni inn í ýmist sjálfsprottinn eða skipulagðan leik.
- beita þekkingu sinni til að taka þátt í leikjum barna, virkt og óvirkt.

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- gera sér grein fyrir mismunandi kenningum um leiki barna sem metið er með skriflegu verkefni/heimaprófi.
- taka ábyrgð á því að velja viðeigandi leiki fyrir hópa út frá aldri sem metið er með verkefnavinnu í hópum og umræðum.
- miðla til barna hvernig hægt sé að læra í gegnum leikinn margvíslega þætti eins og kurteisi o.fl.

**Námsmat:**

- 7 Skrifleg verkefni 40% (aðeins misjafnt gildi þeirra, sjá sundurliðun á síðustu bls)
- 2 Vettvangsheimsóknir og skýrslur 20% (10% hvor)
- Heimildaverkefni (podcast með handriti og heimildaskrá) 20%
- 2 Hlutapróf 20% (10% hvort)
- Ástundun 10%

**Námsgögn:**

Námsefni er aðgengilegt á Innu

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

\*Nemendur þurfa að standa skil á öllum námsþáttum til að standast áfangann

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst		<i>Nýnemadagur</i>
34	21.-25. ágúst	Kynning á áfanganum – Hvað er leikur?	Verkefni 1 (5%)
35	28.ágúst -1. sept.	Hvernig leika börn sér? Leikurinn í ljósi sögunnar	Verkefni 2 (5%)
36	4.-8. sept.	Leikurinn í ljósi sálkönnunar	
37	11.-15. sept.	Leikurinn í ljósi sálkönnunar	Verkefni 3 (5%)
38	18.-22. sept.	Leikurinn í ljósi vitþroskakenna	Vettvangsathugun 1 (10%)
39	25.-29. sept.	Leikurinn í ljósi vitþroskakenna	Verkefni 4 (10%)
40	2.-6. okt.	Leikurinn í ljósi sálfræðikenna	Verkefni 5 (5%) <i>Heilsudagur Undirb./úrv. Vörðuvika I</i>
41	9.-13. okt.	Leikurinn í ljósi sálfræðikenna	Hlutapróf 1 (10%)
42	16.-20. okt	Heimildaverkefnisvinna	
43	23.-25. okt.	Heimildaverkefnisvinna	<i>Hausthlé fimmtud. og föstud.</i>
44	30. okt. - 3. nóv.	Leikurinn í ljósi boðskiptakenna	Verkefni 6 (5%)
45	6.-10. nóv.	Leikurinn í ljósi boðskiptakenna	Verkefni 7 (5%) <i>Undirb./úrv. Vörðuvika II.</i>
46	13.-17. nóv.	Leikur og leikuppeldi	
47	20.-24. nóv.	Þróun þykjustuleikja	Vettvangsathugun 2 (10%)
48	27. nóv. - 1. des.	Leikurinn og kynjamunur	
49	4.-8. des	Leikurinn og kynjamunur	Skil á podcasti og handriti (20%)
50	11.-13. des	Kynning á heimildaverkefnum	<i>Síðasti kennsludagur</i>

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*